

Efni	Heimildaskráning	Tilvísun í texta
Bók með 1 til 2 höfundum	Cohen, L. G. og Spenciner, L. J. (1994). <i>Assessment of young children</i> (2. útg.). White Plains, NY: Longman. Guðni Th. Jóhannesson. (2009). <i>Hrunið: Ísland á barmi gjaldþrots og upplausnar</i> . Reykjavík: JPV útgáfa. ATH. Sumir kennarar fara fram á að blaðsíðutal sé alltaf tekið fram, jafnvel þótt um óbeina tilvísun sé að ræða. Verið viss um hvernig kennari leggur verkefnið fyrir þegar þið hefjist handa við skrifin.	Óbein: ... (Cohen og Spenciner, 1994) ... <i>eða:</i> ... Cohen og Spenciner (1994) ... Bein: (Cohen og Spenciner, 1994, bls. 26) <i>eða:</i> ...Cohen og Spenciner (1994, bls. 26) (Guðni Th. Jóhannesson, 2009, bls. 20) ...
Bók með 3 til 5 höfundum	- Allir höfundar taldir upp í heimildaskrá: Pratkanis, A. R., Brekler, S. J., Kirton, C. A. Wolchick, M. og Greenwald, A. G. (1989). <i>Attitude structure and function</i> . London: Longman.	Fyrsta: (Pratkanis, Breckler, Kirton, Wolchick og Greenwald, 1989) Seinni: (Pratkanis o.fl., 1989)
Bók með 6 til 7 höfundum	- Allir höfundar taldir upp í heimildaskrá: Mathews, S. A., West, S. G., Sandler, I. N., Tein, J., Coatsworth, D. og Lengua, L. (2000). <i>Neuroscience</i> . Philadelphia, PA: Saunders.	- Aðeins fyrsti höfundur talinn upp í tilvísun. (Mathews o.fl., 2000)
Bók með 8 eða fleiri höfundum	- Fyrstu sex höfundarnir og sá síðasti taldir upp í heimildaskrá: Johnson, M. J., Howard, I., Brown, A. J., Vogt, M. P., Sayer, S., Altria, H., ... Reebye, L. (2005). <i>Introduction to psychology</i> . Chapel Hill, NC: McMillan.	- Aðeins fyrsti höfundur talinn upp í tilvísun. (Johnson o.fl., 2005)
Ritstýrð bók	Gibbs, J. T. og Huang, L. N. (ritstj.). (1991). <i>Children of color: Psychological interventions with minority youth</i> . San Francisco, CA: Jossey-Bass.	(Gibbs og Huang, 1991)
Kafli í ritstýrðri bók	Masaro, D. (1992). Broadening the domain of the fuzzy logical model of perception. Í H. L. Pick Jr., P. van den Broek og D. C. Knill (ritstj.), <i>Cognition: Conceptual and methodological issues</i> (bls. 51-84). Washington, DC: American Psychological Association.	(Masaro, 1992)
Rafræn bók aðeins til á vefnum	Karch, A. M. (2009). <i>Lippincott's nursing drug guide</i> . Sótt 8. nóvember 2012 af http://www.ovid.com/site/products/books_landing.jsp	(Karch, 2009)
Rafrænn bókarkafli aðeins til á vefnum	Marion, D. W. (2009). Diaphragmatic pacing. Í D. S. Basow (ritstj.), <i>UpToDate</i> . Sótt 1. mars 2012 á http://www.uptodate.com	(Marion, 2009)
Tímaritsgrein með 1 til 2 höfundum	Klimoski, R. og Palmer, S. (1993). The ADA and the hiring process in organizations. <i>Consulting Psychology Journal: Practice and Research</i> , 45(2), 10-36.	(Klimoski og Palmer, 1993)

Efni	Heimildaskráning	Tilvísun í texta
Tímaritsgrein með 3-5 höfundum	- Allir höfundar taldir upp í heimildaskrá: Kendall, P. C., Stark, K. D. og Adam, T. (1990). Cognitive deficit or cognitive distortion of childhood depression. <i>Journal of Abnormal Psychology, 18</i> , 255-270.	Fyrsta: (Kendall, Stark og Adam, 1990) Seinni: (Kendall o.fl., 1990)
Tímaritsgrein með 6 til 7 höfundum	- Allir höfundar taldir upp í heimildaskrá: Gilbert, D. G., McClernon, J. F., Rabinovich, N. E., Sugai, C., Plath, L. C., Asgaard, G. og Botros, N. (2004). Effects of quitting smoking on EEG activation and attention last for more than 31 days and are more severe with stress, dependence, DRD2 A1 allele, and depressive traits. <i>Nicotine and Tobacco Research, 6</i> , 249-267.	- Aðeins fyrsti höfundur talinn upp í tilvísun. (Gilbert o.fl., 2004)
Tímaritsgrein með 8 eða fleiri höfundum	- Fyrstu sex höfundar og sá síðasti taldir upp í heimildaskrá: Harveson, P. M., Harveson, L. A., Hernandez-Santin, L., Tewes, M. E., Silvi, N. J., Pittman, M. T., Effland, V., Walton, B., ... McIntyre, J. A. (2012). Characteristics of two mountain lion Puma concolor populations in Texas, USA. <i>Wildlife Biology, 18</i> (1), 58-66.	- Aðeins fyrsti höfundur talinn upp í tilvísun. (Harveson o.fl., 2012)
Tímaritsgrein með DOI, sótt í gagnasafn	Wilens, T. E. og Biederman, J. (2006). Alcohol, drugs, and attention-deficit/hyperactivity disorder: A model for the study of addictions in youth. <i>Journal of Psychopharmacology, 20</i> , 580-588. doi:10.1177/0269881105058776 (sjá kafla um doi hér að neðan)	(Wilens og Biederman, 2006)
Dagblaðsgrein án höfundar	New drug appears to sharply cut risk of death from heart failure. (1993, 15. júlí). <i>The Washington Post</i> , bls. A12.	(„New drug“, 1993)
Glanstímarit / Vikublað	Hjördís Smith. (1992, júlí). Matur. <i>Heimsmynd</i> , bls. 44-46.	(Hjördís Smith, 1992)
Vefsíða án höfundar	Effect of the global credit crunch on market. (2009). Sótt 29. ágúst 2016 af http://www.economywatch.com/economy-articles/effect-global-credit-crunch.html	(„Effect of the global“, 2009)
Vefsíða með höfundi	Skrifstofa Alþingis. (e. d.). Norðurlandaráð. Sótt 29. ágúst 2016 af http://www.althingi.is/vefur/nr.html	(Skrifstofa Alþingis, e. d.)
Dagblaðsgrein á vefnum	Brody, J. E. (2007, 11. desember). Mental reserves keep brain agile. <i>The New York Times</i> . Sótt 12. nóvember 2012 af http://www.nytimes.com	(Brody, 2007)
Skýrslur opinberra stofnanna og fyrirtækja	U.S. Department of Health and Human Services og U.S. Department of Education. (2003). <i>Managing asthma: A guide for schools</i> (NIH Publication No. 02-2650). Sótt 9. ágúst 2011 af http://www.nhlbi.nih.gov/health/prof/lung/asthma/asth_sch.pdf	Fyrsta: (U.S. Department of Health and Human Services [USDHHS] og U.S. Department of Education [USDE], 2003) Seinni: (USDHHS og USDE, 2003)
Youtube myndskaið	Journeymanpictures. (2012, 2. júlí). Overdose: <i>The next financial crisis</i> [myndskaið]. Sótt 30. desember 2013 af http://www.youtube.com/watch?v=4ECi6WJpbzE	(Journeymanpictures, 2012)



APA tilvísanir og heimildaskráning með íslenskum áherslum

Tilvitnanir og tilvísanir:

Tilvitnanir eru tvenns konar; beinar og óbeinar. Beinar tilvitnanir sem eru undir 40 orðum skal setja í gæsalappir, en beinar tilvitnanir sem eru meira en 40 orð skal aðskilja frá megintexta með því að draga inn textann báðu megin eða smækka letur og línubil. Alltaf skal geta blaðsíðutals þegar um beinar tilvitnanir er að ræða.

Óbeinar tilvitnanir eru oftast notaðar en beinar (og frekar mælt með að nota óbeinar en beinar), enda algengt að það þurfi að umorða og/eða þýða til að fella að texta í verkefni (þýðingar eru alltaf óbein tilvitnun). Tilvísanir á eftir óbeinum tilvitnunum geta litið misjafnlega út t.d. ... *bla, bla ... (Ginsberg, 2012)*, **eða** ... *eins og Ginsberg segir (2012)* ... **eða** ... *eins og Ginsberg segir í grein sinni frá árinu 2012* Gæsalappir eru ekki notaðar með óbeinum tilvitnunum. Skv. APA staðlinum þarf ekki að geta blaðsíðutals í óbeinum tilvísunum, en APA mælir þó með því. Farið alltaf eftir leiðbeiningum kennara um slíkt.

Skráning heimilda í heimildaskrá:

Hafið samskonar línubil og spássíur í heimildaskrá og í verkefninu sjálfu. Fylgið leiðbeiningum kennara um línubil og letur. **Neðri línur hveirrar heimildar eru inndregnar** (í Word notið Paragraph – Indentation – Hanging, eða mælistikuna efst til að draga inn). Færslum í heimildaskrá skal raða í stafrófsröð eftir fyrsta staf í hverri færslu. Ef sama höfundarnafn er á fleiri en einni færslu skal raða eftir útgáfuári, eldri heimildir á undan yngri heimildum. Ef sami höfundur og sama útgáfuár er á fleiri en einni heimild bætið við a, b, c ... ; t.d. Walker, 2012a, Walker, 2012b. Munið að fara vel yfir heimildaskrár sem eru framkallaðar sjálfvirkt með forritum (t.d. Word, Zotero eða EndNote Web).

Ritrynt efni:

Ritryndar (Peer-reviewed) **tímaritsgreinar** eru greinar sem birtast í fræðilegum tímaritum (Scholarly journals). Ritrynt merkir að greinin hafi verið yfirfarin og metin af sérfræðingum á viðkomandi fagsviði og samþykkt til birtingar í fræðilegu tímariti. Fræðileg tímarit birta ritryndar greinar, en ekki er allt efni fræðilegra tímarita ritrynt (t.d. ritstjórnargreinar, fréttapistlar eða umfjöllun um félagsstarf eða nýútkomnar bækur). Fræðilegt efni s.s. ritryndar greinar eru heimildir sem nota á í háskólanámi.

Greinar í dagblöðum og glans- eða fréttatímaritum eru ekki fræðilegar heimildir (t.d. visir.is (Fréttablaðið), Newsweek, Washington Post, Harvard Business Review eða Mannlíf).

Bækur eru almennt ekki ritryndar, en í mörgum tilfellum ritstýrðar. Bækur fara hins vegar í gegn um ákveðið útgáfufarli og útgáfufarli fagbóka s.s. kennslubóka er oft afar strangt og ýmsar háskólaútgáfur s.s. Háskólaútgáfan, Oxford University Press og Cambridge University Press ritryna útgáfu sína að hluta eða alfarið.

Efni af vefnum:

Allt efni sem sótt er af vefnum verður nemandi sem höfundur ritgerðar eða verkefnis, að vega og meta m.t.t. áreiðanleika vefsíðunnar, sjá: hr.is/bokasafn > Heimildavinna > Áreiðanlegar heimildir og ritrýni > Vefsíður.

Fræðilegt efni er vissulega að finna á vefnum, en almennar vefsíður teljast ekki fræðilegt efni þó þær geti gagnast sem heimildir til rökstuðnings í verkefnum. Mikilvægt er að nemendur átti sig á áreiðanleika vefsíðna. Skoðið hvort höfundar er getið og þá hver höfundur efnisins er. Gúglaðu nafnið hans og sláðu því inn í bókasafnskerfi; hefur hann skrifað eitthvað um viðkomandi efni? Er hægt að senda honum tölvupóst eða hafa samband við hann á annan hátt. Sérðu hvort síðan er reglulega uppfærð, eða hvort efnið er úrelt? Er textinn vandaður, hlutlaus og faglegur? Eða er hann fullur fordóma og hlutdrægni? Skoðaðu einnig hvar vefsíðan er vistuð; er það þekkt stofnun eða fyrirtæki eða almennur netþjónn? Þumalputtareglan er að vefsíða með órökstuddum skoðunum eða alhæfingum, engri dagsetningu eða uppfærslum, engum höfundi, vistuð hjá ókunnri stofnun, sé ekki ákjósanleg heimild.

DOI kennitala á tímaritsgreinum:

DOI (Digital Object Identifier) er kennitala rafræns efnis sem breytist ekki. DOI fylgir oft fræðilegum tímaritsgreinum og ef svo er þarf alltaf að skrá það ásamt öðrum upplýsingum um tímaritsgreinar sem hluta af heimildaskráningu. Með því að slá DOI tölu inn í sk. „link resolvers“ (dx.doi.org) og/eða í leitarvél eins og Google má finna greinina aftur. Þegar DOI fylgir seturðu hvorki vefslóð eða dagsetningu dagsins sem þú sóttir efnið. Dæmi um grein með DOI (ath. aldrei má setja punkt á eftir DOI – doi skrifast með litlum bókstöfum í heimildaskrá):

Dæmi: Sanz-Velasco, S. og Sæmundsson, R. (2008). Entrepreneurial learning in academic spin-offs: A business model perspective.

International Journal of Entrepreneurship & Innovation Management, 8(1), 15-35. doi:10.1504/IJEIM.2008.018609 EÐA <http://dx.doi.org/10.1504/IJEIM.2008.018609>

ATH: doi númer má ANNAÐ HVORT skrifa: doi: xx.xxx/xx.xxxx/xxx.xxxx EÐA <http://dx.doi.org/xx.xxxx/xxx.xxxxx.xxx>

Þegar DOI er ekki til staðar er tímaritsgreinin einfaldlega skráð eins og venjulega þ.e. höfundur/-ar, ártal, titill greinar, *titill tímarits, árgangur, tölublað* og blaðsíðutal.

Skráning dagsetninga þegar efni er sótt á vefinn:

Algennt er að dagsetningar sé hvergi að finna á vefefni, en þá þarf að gefa það til kynna með því að setja e.d. í ártalssvigann (e.d. stendur fyrir engin dagsetning). Vefefni sem notað er sem heimild þarf einnig að fylgja dagsetning í heimildaskrá, sem gefur til kynna hvenær efnið var sótt, t.d. **sótt xx. xxxx. xxxx af ...**, því bæði getur efnið breyst og slóðin einnig. ATH. aldrei má setja punkt á eftir slóðinni og slóðin á ekki að vera undirstrikuð eða blá (hægrismella – Remove hyperlink)

Dæmi: Reiknistofa bankanna. (e.d.). Mannauður. Sótt 1. nóvember 2012 af <http://www.rb.is/um-rb/mannaudur/>

Athugið að fylgja alltaf fyrirmælum kennara um framsetningu tilvísana og heimildaskrár

*** Þessar leiðbeiningar eru hvergi nærri tæmandi. – Ítarlegar leiðbeiningar er að finna í *Publication Manual of the American Psychological Association* og í dæmakveri BUHR sem er á www.ru.is/apa og nemendur eru hvattir til að prenta út.**